

Nd.

650. Nefndarálit

[122. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 43/1954, um Kirkjubýggingasjóð.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. og sent það stjórn Kirkjubýggingasjóðs til umsagnar, en hún sendi nefndinni álitargerð og lagði á móti því, að frv. yrði samþykkt. Í frv. er gert ráð fyrir, að stjórn Kirkjubýggingasjóðs óðlist heimild til að lána úr sjóðnum til endurbýgginga á svokölluðum bændakirkjum, þegar fyrir liggur, að hlutaðeigandi söfnuður vill ekki taka við kirkjunni, og vitað er, að kirkjubóndi hefur ekki fjárhagslegt boðmagn til að byggja kirkjuna upp af eigin rammleik, og því sjáanlegt, að kirkja og kirkjuhald leggst niður á staðnum, ef ekki fæst eitthvert lán með góðum kjörum til kirkjubýggingarinnar.

Að athuguðu máli og eftir að nefndin hafði fengið sjóðsstjórnina á fund sinn til frekari umræðna um málið, varð það sameiginlegt álit nefndarmanna, að mótsaða sjóðsstjórnarinnar gegn frv. væri ekki réttmæt, og leggja því fjórir nefndarmenn til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en einn nm. (KGuðj) tók ekki þátt í lokaafgreiðslu málsins.

Umsögn sjóðsstjórnarinnar er hér prentuð sem fylgiskjal.

Alþingi, 25. apríl 1955.

Kjartan J. Jóhannsson,
form.

Páll Þorsteinsson,
fundaskr.

Halldór Ásgrímsson,
frsm.

Kristín Sigurðardóttir.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 15. des. 1954.

Háttvirt menntamálanefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 13. þ. m., beiðzt umsagnar stjórnar Kirkjubýggingasjóðs um frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 1954, um Kirkjubýggingasjóð.

Um það eru vart skiptar skoðanir, að heppilegast sé og æskilegast, að allar sóknarkirkjur landsins séu í umsjá safnaðanna sjálfra. Hefur og hina síðari áratugi stöðugt stefnt í þá átt, bæði að því er lénskirkjur og bændakirkjur snertir, með frjálsum samningum milli safnaða og kirkjueigenda.

Ákvæði í l. um Kirkjubýggingasjóð um, að safnaðarkirkjur eingöngu skuli njóta hinna hagstæðu lána úr sjóðnum, var einmitt sett til þess að greiða fyrir þessari þróun málanna og gera söfnuðum auðveldara en áður að taka við kirkjum með þeim kjörum, er teljast mættu aðgengileg fyrir kirkjueigendur. Er ekki vafi á, að þetta ákvæði laganna mun verða til þess að greiða mjög fyrir og flýta afhendingu slíkra kirkna á næstu árum, eftir að Kirkjubýggingasjóður er tekinn til starfa.

Með því að gefa einstaklingum, sem eru eigendur kirkju, hlutdeild í lánafríðindum til jafns við söfnuði er á ný gert erfiðara fyrir um afhendingu kirknanna, enda virðast flytjendur frumvarpsins hafa séð þetta og þess vegna takmarkað fríðindin bæði við það að vera heimild aðeins og svo hitt, að áður hefðu söfnuðir neitað að taka við kirkju, þó að boðin væri þeim með sanngjörnum skilmálum að dómi héraðsprofests. — Af þeirri reynslu, sem fengin er um afhendingu kirkna í hendur söfnuðum, má yfirleitt segja það, að sjaldan mun hafa staðið á samþykki safnaða til að taka við kirkju, hafi hún verið boðin með sanngjörnum kjörum.

Vér teljum því frumvarp þetta með öllu óþarft, auk þess sem það mundi, ef að lögum yrði, fremur hefja en flýta afhendingu kirkna í hendur safnaða.

Ekki sést, að fyrir liggi nein ósk frá eigendum kirkna um að fá þessa breytingu á l. um Kirkjubýggingasjóð, enda vafasamt, að hún verði þeim til hagsbóta, nema síður sé. Virðist oss ekki rétt að afgreiða lög um þetta efni án þess að leita áður álits kirkjueigendanna sjálfra og án þess að þeir óski eftir því.

Að lokum má geta þess, að til eru nokkur bænhús í landinu, sem eru í einstakra manna eign, eða jafnvel sem nokkurs konar sjálfseignarstofnanir, og fer þeim fjölgandi. Má þar til nefna bænhús á Melgraseyri, Furufirði, Gröf og kapellur í Miklaholti, Voðmúlastöðum, Sólheimum o. s. frv. Þetta eru ekki sóknarkirkjur, en eru eigi að síður notaðar til almenns guðsþjónustuhalds.

Bendum vér á þetta vegna þess, að eigi sýnist fyllilega ljóst, hvort slík hús geti fallið undir ákvæði frumvarpsins. En ef sú er tilætlunin, þá gæti það leitt til meiri fjölgunar slíkra húsa í landinu en æskilegt kynni að teljast. Hins vegar er það fyllilega vert athugunar, ef sérstök lánsfríðindi á að veita eigendum þeirra kirkna, þar sem eigandinn tekur árlega kirkjugjöld af þeim, sem kirkjuna sækja, hvort þeir eigendur guðsþjónustuhúsa, sem kosta þar messuhald án nokkurs gjalds frá þeim, sem þá kirkju sækja, ættu ekki eins að teljast lánsfríðindanna verðir.

Enn viljum vér benda á það, að beiðnir um lán úr Kirkjubýggingasjóði verða bersýnilega svo miklar frá þjóðkirkjusöfnuðum einum, að auka verður þegar framlag til sjóðsins, ef fleiri aðilar eiga að geta fengið lán úr honum.

Af því, sem að framan er sagt, sjáum vér oss ekki fært að mæla með því, að frumvarp þetta verði samþykkt.

Í stjórn Kirkjubýggingasjóðs.

Ásmundur Guðmundsson.

Sveinbjörn Högnason.

Gunnar Árnason.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.